



Ársskýrsla fyrir árið 2021

Árið 2021 gekk heilt yfir nokkuð vel hjá Galdrasýningunni á Hólmavík. Covid hafði eðlilega áhrif á starfsemina, en við leituðum leiða til að ná til fólks eins og með sögustundum í gegnum samfélagsmiðla. Afraksturinn var markaðssetning fyrir safnið og svæðið og í kjölfarið fékk framkvæmdastjóri nokkur boð að vera viðmælandi í hinum ýmsu hlaðvörpum erlendis og hérlendis. Galdrasýningin hélt áfram að standa fyrir viðburðum fyrir heimamenn og má þá helst nefna Barsvar keppnir, tónleikar með íslensku tónlistarfólki og þátttöku í hátíðum á Hólmavík eins og Hamingjudögum þar sem spilað var Quittich á Galdratúninu.

Árið 2021 einkenndist af framkvæmdum í húsnæði Galdrasýningarinnar, bæði á Hólmavík og Bjarnarfirði. Klárað var að laga þakið á austurhúsi Galdrasýningarinnar sem var mikill áfangi og nauðsynleg framkvæmd því þakið var ónýtt. Einnig var skipt um einangrun innan frá í hluta af þakinu á Austurhúsinu sem mun hafa áhrif til lækkunar á kyndingakostnaði. Þess ber að geta að verkefnið fékk styrk úr byggðaðróunarverkefningu Sterkum Ströndum sem borgaði þriðjunginn af kostnaðinum við framkvæmdina.

Vorið 2021 fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að laga Kotbýli kuklarans á Klúku í Bjarnarfirði sem hefur verið lokað almenningi frá sumrinu 2018 vegna hættu á þak gæti hrunið. Hópur sjálfbóðaliða tók einn dag í að hreinsa torf af þaki hússins í byrjun sumars og svo vann Magnús Rafnsson og fleiri að nauðsynlegum viðgerðum áður en torf var sett á aftur um haustið. Verkefnið kláraðist ekki fyrr en á þessu ári. Við teljum að með þessum framkvæmdum höfum við náð að lyfta grettistaki og um leið náð að búa okkur undir framtíðina þar sem gestum á Ströndum fari fjölgandi. Galdrasýningin hefur um árabil verið lykilaðili hvað varðar aðdráttarafl fyrir svæðið, mikilvægasti segullinn í héraðinu og starfsemin þannig haft mikil og jákvæð margfeldisáhrif fyrir svæðið um leið. Árið 2021 var ekki samstarf um rekstur. Upplýsingarmiðstöðvar við Strandabyggð, en í staðinn kom samningur um rekstrarstyrk frá sveitarfélaginu.



Mikil óvissa einkenndi starfsemina fyrir sumarið sem hafði áhrif á mannaáráðningar sumarið 2021, sem síðan olli því að ekki var svigrúm til að hafa veitingastaðinn opinn fram á kvöld nema stuttan tíma yfir sumarið.

Í nóvember hélt Galdrasýningin í samstarfi með grunnskólunum á svæðinu svokallaðan Galdraskóla þar sem krakkar úr þremur sveitarfélögum (Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Reykhólahrepp) komu saman á Hólmavík og bjuggu til galdrastafi með kennurum að sunnan. Verkefnið var styrkt af Barnamenningarsjóði árið 2020 en framkvæmd frestaðist vegna Covid. Þetta tókst ljómandi vel og voru allir ánægðir með það.

Samantekt á gestafjölda

Árið 2021 var fjöldi gesta sem heimsótti sýninguna á Hólmavík í kringum 15 þúsund og þar af voru 60% erlendir gestir en 40% innlendir ferðamenn.

Með þökkum fyrir stuðninginn nú og í gegnum árin.

Anna Björg Þórarinsdóttir
framkvæmdastjóri Strandagaldurs ses.